



## INFO



Dettifoss



### THE GUESTHOUSE KELDUNES

Keldunes offers accommodation in six double rooms with wash basins. There is also a sitting room that can be used as a dining room on festive occasions, kitchen facilities, laundry room, shower and "hot pot". The spacious balcony is ideal for grilling. There is a beautiful view over the lake Skjálftavatn, with its rich birdlife. On request we offer restaurant service. The landlady also willingly prepares provisions for hikers and anglers.

Tel 465 2275 / 847 1593 • keldunes@isl.is



Asbyrgi



### DAS GESTHAUS KELDUNES

Keldunes bietet Übernachtung in sechs Doppelzimmern mit Waschbecken. Im Haus ist ein Aufenthaltsraum wo man auch Feste feiern kann, Kochgelegenheit, Waschküche, Dusche und "heisser Topf". Auf dem grossen Balkon kann man grillen. Schöne Aussicht über Skjálftavatn mit seinen vielfältigen Vogelarten. Auf Wunsch bieten wir Restaurant-Service. Die Wirtin bereitet auch gern Proviantpakete für Wanderer und Angler.

Tlf. 465 2275 / 847 1593 • keldunes@isl.is

## STAÐSETNING Á KORTI



GISTIHÚS



GUESTHOUSE



GESTHAUS



GISTIHÚSIÐ

# Keldunes

Gestgjafar eru Bára Siguróladóttir og Sturla Sigtryggsson  
Keldunes II • 671 • Kópasker • Sími 465 2275 / 847 1593  
keldunes@isl.is

## GISTIHÚSIÐ KELDUNES



„Gamli“ Keldunesbærinn stendur spölkorn sunnan við bæinn Keldunes sem er eitt sex býla í bæjarhverfi í Kelduhverfi. Gistihúsið Keldunes er steinsteypt 180 fm íbúðarhús á tveim hæðum, byggt árið 1920 og stækkað árið 1950. Nú hefur húsið verið endurbbyggt af miklum myndarskap. Gistiaðstaða er í sex tveggjamanna herbergjum. Í öllum herbergjunum er handlaug. Að öðru leyti byggist aðstaðan á rúmgóðri setustofu, sem má einnig nota sem veislusal, fullkominni eldunaraðstöðu sem býður upp á öll nútíma þægindi, þvottahúsi og baðaðstöðu. Gengið er út á stórar svalir sem snúa í suður, af annarri hæð hússins. Þar er grillaðstaða. Af svölunum er gott útsýni yfir Skjálftavatn, þar sem er fjölskrúðugt fuglalíf. Fast við húsið stendur lágreistur súrheysturn, sem nú hefur fengið það hlutverk að hýsa rúmgóðan heitan pott. Möguleiki er á að komast bæði í skot- og stangveiði. Ástæða er til að benda veiðimönnum, sem hyggjast veiða í Litlá, á að helstu veiðistaðir árinna eru steinsnar frá ferðapjónustustaðnum Keldunesi. Ef óskað er, býðst gestum veitingapjónusta. Einnig tekur matselja að sér að útbúa nesti fyrir göngufólk og veiðimenn.



## STAÐHÆTTIR OG SÖGUÁGRIP



Séð yfir Kelduhverfi af Tjörnesi

Keldunes stendur miðsvæðis í Kelduhverfu við veg nr. 85 milli Húsavíkur og Kópaskers. Gistiaðstaðan í Keldunesi er tilvalinn dvalarstaður til skoðunarferða. Þaðan eru um 12 km í austur í Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum með Ásbyrgi, Hljóðaklettum, Hólmatungum og Dettifossi. Í Ásbyrgi er verslun og 3 km austur er sundlaug við skólann í Lundi.

Bæjarhverfið í Keldunesi stendur í grennd við Keldunesbrunna, sem eru fallegar uppsprettur undan hraunbrún. Í mikilli jarðskjálftahrinu á árunum 1975 til 1976 varð mikið landsig skammt norðaustur af Keldunesi og myndaðist þar þá stórt stöðuvatn sem nefnt hefur verið Skjálftavatn. Þarna voru áður lítt grónir sandar. Skjálftavatn hefur afrennsli um Seyrur í Brunnakvísl og þaðan í Litlá. Í Keldunesi var áður þingstaður sveitarinnar. Þar fæddist Skúli Magnússon (1711-1794) landfógeti, fyrsti Íslendingur til að hljóta það embætti. Skúli var frumkvöðull að stofnun iðnaðarverksmiðja (innréttinga) í Reykjavík og barðist einarðlega gegn einokunarkaupmönnum og dönskum stjórnmöndum.



Rétt eftir aldamótin 1700 henti það bóndann í Keldunesi, Árna Bjarnason, að eignast barn með systur eiginkonu sinnar, en á þeim tíma lá líflátshegning við slíku. Þetta barst til eyrna sýslumanns Þingeyinga Halldórs Einarssonar. Sýslumaður hét Árna fullu frelsi ef hann játaði á sig gjörninginn. Samt sem áður fór sýslumaður með Árna til Alþingis árið 1705, þar sem hann var dæmdur til lífláts. Þótti Árni bregðast við dómnum af mikilli karlmennsku og hafnaði náðunarumleitan við konung. Barnsmóður hans var drekktil heima í héraði nokkru síðar.

Kelduneshreppur nær yfir láglandið inn af vestanverðum Öxarfirði og heiðalönd þar inn af. Sveitin liggur móti opnu hafi úr norðri og er landslag nokkuð fjölbreytt. Með sjónum er sandströnd fyrir öllum fjarðarbotninum og þar innaf stórt flæmi sléttra sanda og mýrlendis. Er það allt myndað af framburði Jökulsár á löngum tíma. Sunnan sléttlendisins tekur við gróið heiðarland, sem smá hækkar til suðurs allt til hreppamarka. Á heiðinni er ríkjandi lyng og kjarrgróður, þó nokkuð blandinn grasi. Á vesturmörkum sveitarinnar er fjallgarður, oft nefndur Fjallafjöll, ávalur og nokkuð hár.

